

Lagt fyrir fund velferðarráðs 10. september 2025

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands um gerð áætlunar um framtíðarfyrirkomulag samþættrar heimaþjónustu í Reykjavík

Velferðarráð felur velferðarsviði að hefja vinnu við gerð áætlunar um framtíðarfyrirkomulag samþættrar heimaþjónustu í Reykjavík hvað varðar fjölda starfstaða og staðsetningu. Áætlunin skal taka mið af breyttum þörfum notenda hvað varðar fjölbreytni í þjónustu og um leið einstaklingsmiðaðri þjónustu, þróun í mönnun og faglegum kröfum til samþættrar félags- og heilbrigðisþjónustu við fólk í heimahúsi. Áætlunin verði lögð fram fyrir ráðið í febrúar 2026.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að samþættingu heimastuðnings og heimahjúkrunar hjá Reykjavíkurborg. Slík samþætting er lykilþáttur í því að tryggja öryggi, gæði og samfellu í þjónustu við eldra fólk og aðra sem nýta sér heimaþjónustu. Verkefnið byggir meðal annars á samningi við Sjúkratryggingar Íslands frá árinu 2009 og kröfúlýsingu sem skilgreinir þjónustuna. Á velferðarsviði hefur jafnframt verið lögð áhersla á nýsköpun og þróun faglegs starfs í heimaþjónustu. Þróun sérhæfðra teyma, aukin aðkoma fleiri fagstétta og innleiðing nýrra tækniúrræða hafa leitt til bættrar einstaklingsmiðaðrar þjónustu. Verkefni á borð við SELMA, heima-endurhæfingarteymin, heimahjúkrun fyrir heimilislausa, næringarráðgjöf og skjáheimsóknir hafa skilað verulegum árangri í að mæta flóknari þörfum notenda.

Á sama tíma hefur áskorun vegna mönnunarvanda, sérstaklega hjúkrunarfræðinga leitt til þess að nauðsynlegt hefur verið að endurskoða skipulag heimaþjónustunnar. Samþykkt velferðarráðs um sameiningu heimaþjónustu Vestur- og Norðurmiðstöðvar er mikilvægt skref í því ferli. Markmiðið er að bregðast við alvarlegum mönnunarvanda og tryggja faglega og stöðuga þjónustu í heimahúsum án þess að breytingar hafi áhrif á daglega umönnun notenda.

Í framhaldi af þessari sameiningu er nú lögð fram tillaga um að hefja vinnu við gerð heildstæðrar áætlunar um fyrirkomulag samþættrar heimaþjónustu í Reykjavík með hliðsjón af: breyttum þörfum notenda, aukinni áherslu á einstaklingsmiðaða og sérhæfða þjónustu, þróun mönnunar, faglegum kröfum, og markmiðum um samfellu, öryggi og heildstætt faglegt bakland.

Áætlunin mun meðal annars taka til fjölda starfseininga og staðsetningar þeirra, þar sem horft verður til skilvirkni, faglegs styrks og aðgengis. Þá verður sérstök áhersla lögð á að efla tengingu sérhæfðra úrræða við almenna heimaþjónustu og móta framtíðarskipulag sem heldur áfram að þróast með vaxandi þörfum eldra fólks í borginni.

Mikilvægt er að breytingarnar verði framkvæmdar í nánú samráði við starfsfólk, notendur þjónustu og aðstandendur. Regluleg upplýsingagjöf og virkt umbótaferli eru forsenda farsællar innleiðingar. Áætlunin verður unnin af skrifstofu öldrunarmála í samvinnu við umbótateymi Rafrænnar miðstöðvar og miðstöðva borgarinnar, og skal lögð fyrir velferðarráð í febrúar 2026.